



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Vestmannaeyjabær**

**Pósthólf 60**

**900 Vestmannaeyjar**

Selfossi, 20. maí 2026

2511013HS RS

**Efni: Stækkun á iðnaðarsvæði I3 í Viðlagafjöru - umsögn um auglýsingu tillögu vegna aðalskipulagsbreytingar**

Þann 9. apríl sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá Vestmannaeyjabæ í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um auglýsingu tillögu vegna breytinga á aðalskipulagi vegna stækkunar á iðnaðarsvæði I3 í Viðlagafjöru.

Fyrirhugað er að stækka iðnaðarsvæði I3 í Viðlagafjöru til að stækka athafnasvæði fiskeldisfyrirtækisins Laxey hf. sem starfrækt er á svæðinu. Stækkunin felur í sér að meginhluti efnistökusvæðis E1 falli einnig undir iðnaðarsvæði I3. Nyrsta hluta efnistökusvæðis E1 er breytt í óbyggt svæði og sameinað ÓB3. Breytingarnar hafa áhrif á stærð landnotkunarreita I3, E1 og ÓB3. Efnistökusvæðið E1 fellur út, iðnaðarsvæðið I3 stækkar úr 16,64 ha í 20,9 ha, og óbyggt svæði ÓB3 stækkar úr 311,2 ha í 311,7 ha.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Rán Sturlaugsdóttir*

Rán Sturlaugsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi